

Bstj. 16. febrúar 2010

### **Borgarstjórn Reykjavíkur 16. febrúar 2010**

**Forseti:** Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 16. febrúar árið 2010 klukkan 14:00 og tekið er fyrir 1. mál á dagskrá sem er tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

Ég vil biðja framsögumann þessarar tillögu borgarfulltrúa Ólaf F. Magnússon að koma hingað að ræðupúlti, það er búið að kynna það að hann hafi ætlað að fjalla um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil fyrst biðjast afsökunar á þessari litlu töf sem varð á að ég kæmi hér í pontu við að draga saman gögn sem ég er með mér til aðstoðar hér í pontunni. En eins og fram hefur komið hjá forseta þá flyt ég í dag svohljóðandi tillögu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að óska eftir viðræðum við bæjarstjórn sveitarfélagsins Álftaness um sameiningu sveitarfélaganna.

Ég vildi kannski byrja ræðu mína aðeins á því áður en ég byrja að rifja upp fyrri tillögu sem ég flutti í þessum efnum, að greina frá íbúafjölda í sveitarfélögunum hér á höfuðborgarsvæðinu þann 1. desember síðastliðinn. Þá voru íbúar í Reykjavík 118.427, í Kópavogi 30.314, á Seltjarnarnesi 4.406, í Garðabæ 10.587, í Hafnarfirði 25.872, sveitarfélagið Álftanes sem hér er til umræðu 2.524 og Mosfellsbær 8.527 íbúar. Það vekur sérstaklega athygli að það sveitarfélag sem er hér sérstaklega til umræðu og ég ásamt vonandi fleiri borgarfulltrúum ber sérstaka umhyggju fyrir af gefnu tilefni hefur eins og ég sagði aðeins 2.500 íbúa rúmlega innan sinna vébanda. Og þetta er æði skuggalegt í ljósi þess að þessum íbúum hefur verið gert það að taka á sig skuldir upp á allt að 5 milljarða kr. ef ég man rétta, vegna óráðsú sveitarstjórnarmanna í hreppnum.

Ef rétt er og ef ég man rétt, þá þýðir þetta að hver einast íbúi á Álftanesi hefur verið skuldsettur um 2 milljónir kr. fyrir flotræfilsverkefni stjórnámálanna eða sveitarstjórnarmanna, sem eins og gefur augaleið eru allt, allt, alltof margir á höfuðborgarsvæðinu. Því að eftir því sem þeim virðist fjölga þeim mun meiri er óráðsían, þeim mun meiri er fyrirgreiðslupólitíkin, þeim mun meiri er spillingin sem ég hef verið að berjast gegn hér á vettvangi borgarstjórnar. Og ef við hugleiðum stærð þessa ævintýris sem orðið hefur á Álftanesi, þá er það enn þá meira flotræfils- og risaverkefni heldur en tónlistar- og ráðstefnuhúsið hér við höfnina sem að allir borgarfulltrúar, nema sá sem hér talar, vilja ólmir halda áfram með á fullri ferð og láta það hafa sérstakan forgang umfram velferðar- og grunnþjónustuna í borginni.

Ég hef talað við þó nokkuð marga íbúa Álftaneshrepps í tilefni af þessari tillögu. Einn þeirra er vinnufélagi minn læknir sem starfar við hlið mér, hann fagnaði

Bstj. 16. febrúar 2010

Þessari tillögu mjög vel og sagði; við viljum sem allra fyrst komast í samfélag höfuðborgarsvæðisins, þannig að okkar málum verði betur stjórnað en af þeim óráðsúöflum sem hér ráða ferðinni. Og ég endurtek, allar þessar sveitarstjórnir verða vettvangur stjórnámamann og ævintýramanna sem vilja komast í feitt og sóa fjármunum annarra. Það virðist vera alveg sérstök sérgrein stjórnámamanna á Íslandi og fara mjög vaxandi eftir 2007-fyllerið þó það mætti halda að það hefði verið eitthvað annað og meira sem olli þessar gríðarlegu óráðsú á Álftanesi.

Ég endurtek að það er ekki síst af umhyggju fyrir íbúum Álftaness sem ég flyt þessa tillögu, þeir eiga annað og betra skilið en að vera skuldsettir um 2 milljónir hver fyrir eitt pólitískt ævintýraverkefni, fyrir eina kjánalega pólitíska óráðsú. Mér var hugsað til ýmissa aðila áður en ég flutti þessa tillögu sem gjarnan hafa talað fyrir sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Af því tilefni hlýt ég að nefna einn til sögunnar sem náði geysilega góðum árangri í prófkjöri Samfylkingarinnar nýlega en það er Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður, sem varð í 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar. Ég hef mjög oft rætt þessi mál við hann en hann ber þessi mál fyrir brjósti að sögn og hefur gert sig að sérstökum merkisbera málsins í síðasta prófkjöri Samfylkingarinnar.

Það hins vegar vakti athygli mína, ég hef hvað eftir annað haft samband við hann vegna útvarpsþátta hans um þessi mál og greint honum frá því að ég hafi barist fyrir þessum málum í áratugi, en fjölmiðlamaðurinn trúr sínu eðli kannski sem fjölmiðlamaður sagði engum frá fyrir hverju ég berst. Hann talaði bara við andstæðinga málsins að mér fannst til að auglýsa sjálfan sig og þetta lofar ekki góðu. Eflaust hefur fjölmiðlamaðurinn talið það að sá sem hér stendur ætti ekki minnsta möguleika á að sitja áfram í Borgarstjórn Reykjavíkur, þannig að það er létt mál að taka upp hans mál og gera að sínu. En ég vil minna á það að í síðustu borgarstjórnarkosningum fékk sá sem hér stendur yfir 10% atkvæða og það er vel yfir þriðjungur þeirra atkvæða sem Samfylkingin fékk í Reykjavík og ég er staðráðin í því að fara inn í vor á undan Hjálmar Sveinssyni útvarpsmanni. Ég mun örugglega ná meira fylgi heldur en fjórðungsfylgi Samfylkingarinnar miðað við frammistöðu mína hér og tillöguflutning í borgarstjórn á þessu kjörtímabili.

Ég talaði við tvo ágæta menn vegna lítills ljóðs sem kom upp í huga minn þegar að ég var að undirbúa þennan málflutning hér í borgarstjórn. Ljóðið var flutt af

Bstj. 16. febrúar 2010

Hljómum held ég árið 1967 eftir eina af mínum eftirlætis hljómsveitum, það var sungið af Gunnari Þórðarsyni og það var samið af Ómari Ragnarssyni stórvini mínum. En ég talaði við báða þessa menn áðan af því að ég mundi ekki alveg nákvæmlega ljóðlínurnar en þær eru eitthvað á þessa leið:

Um hvað hugsar einmana snót  
uppi á lofti daga langa  
þöglur lætur þrjóna ganga  
segir engum frá – eða segir ekki neitt.

Og ég sé ástæðu til að tileinka þeim sveitarstjórnarmönnum sem ekki gerðu nægilega fljótt grein fyrir því hvað þeir voru að gera, ég vil tileinka þeim þetta ljóð. Þeir segja ekki frá láta þöglir þrjóna ganga, en hafa bara sínar hugsanir og aðgerðir fyrir sjálfan sig og ég vil einnig tileinka áður nefndum útvarpsmanni, tilvonandi borgarfulltrúa Hjálmari Sveinssyni þetta ljóð, af því að hann segir engum frá því sem að ég er að gera varðandi sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hann ætlar að eigna sér málið og mér finnst það fádæma ósmekklegt. Ég er svo sem vanur því að vera úthýstur af ýmsum aðilum hér í borgarstjórn en ég lét það ekki hafa nein áhrif á mig. Ég er hér sem fulltrúi borgarbúa en ekki í vinsældarkeppni um það að vera vinsælasti maður hér í Ráðhúsi Reykjavíkur og ég veit vel að ég er það ekki.

Þriðjudaginn 6. september árið 2005 flutti ég svohljóðandi tillögu hér í borgarstjórn, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela Reykjavíkurborg að leita eftir viðræðum við önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins um sameiningu. Um yrði að ræða sameiningu Reykjavíkur við sveitarfélögin Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð og Álftanes.

Greinargerð fylgdi tillögunni:

Borgarráð samþykkti að fela borgarstjóra að kynna tillögu Ólafs F. Magnússonar fyrir stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í framhaldi af því dó þessi tillaga drottni sínum, þ.e.a.s. hún var svæfð í nefnd sem er mjög algeng meðferð á tillögum sem ég flyt hér um brýn hagsmunamál borgarbúa og almennings í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég lagði líka fram svohljóðandi bókun á þessum fundi þann 6. september 2005 svohljóðandi, með leyfi forseta:

Bstj. 16. febrúar 2010

Tillaga borgarstjóra er ekki til þess fallin að fá fram þá umræðu sem þarf til að flýta nauðsynlegri sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ég sit því hjá við afgreiðslu tillögunnar, sem var samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum.

Sem sagt tillagan var svæfð með 14 samhljóðaatkvæðum á sama hátt og málefni Álftaness í dag eru með þeim hætti, að það þyrfti nánasta að setja fjármál sveitarfélagsins í öndunarvél, svo hrikaleg eru þau og við erum tilbúnir til hjálpar, allur almenningur er tilbúinn til hjálpar. Við verðum að forða íbúum Álftaness undan spilltum óráðsú mönnum sem stjórna sveitarfélaginu.

Forseti, ég hef líka flutt tillögu um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á þessu kjörtímabili, vildir þú hlusta á ræðu mína forseti, hún er allrar athygli verð. Þriðjudaginn 20. janúar árið 2009, þ.e.a.s. rétt fyrir rúmlega ári þá lagði ég fram svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela borgaryfirvöldum í Reykjavík að leita eftir viðræðum við bæjaryfirvöld í Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra í eitt sveitarfélag.

Ég lagði fram svohljóðandi greinargerð sem ég vildi fá að lesa hér, með leyfi forseta, með þessari tillögu 20. janúar 2009:

Allt frá árinu 1990 þegar að kosningar um sameiningu sveitarfélaga fóru fram um land allt hefur tillöguflýtyjandi beitt sér fyrir því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust. Enda er þar um augljósa almannahagsmuni að ræða, auk þess sem allt höfuðborgarsvæðið er í raun sameiginlegt atvinnusvæði og ein skipulagsleg heild. Málum þokaði nokkuð fram á veginn þegar að bæjaryfirvöld á Kjalarnesi ákváðu að ganga til sameiningar við Reykjavík árið 1997, en almennt hefur andstaða verið mikil við sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu meðal sveitarstjórnarmanna, en síður hjá almenningi. Vegna landtengsla og skorts á svæðum undir nýja byggð á Seltjarnarnesi og í Kópavogi hefur oft legið við skipulagsslysum í þessum sveitarfélögum eins og dæmin á vestursvæði Seltjarnarness árið 1992 og aftur árið 1996, og við Elliðavatn í landi Kópavogs árið 2000 bera vitni um. Þá má einnig nefna nýlegar fyrirætlanir um landfyllingar og háhýsabyggð vestast í Kópavogi sem stangast á við vilja alls þorra íbúa höfuðborgarsvæðisins um framtíð flugsamgangna í Vatnsmýri. Skipulagshugmyndir af þessu tagi væru einfaldlega ekki uppi á borðinu í sameinuðu sveitarfélagi Seltjarnarness, Kópavogs, Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Enda nægt landrými fyrir ný íbúða og atvinnusvæði í tveim síðast nefndu sveitarfélögum. Ekki er síður nauðsynlegt að reynslumiklir og hæfir núverandi sveitarstjórnarmenn í áðurnefndum þrem nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur kæmu að málum við skipulag í nýju og stækkuðu sveitarfélagi þar sem hægt væri að blása óraunhæfar hugmyndir reynslulítilla fulltrúa í núverandi borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins um svokallaða eyjabbyggð með landfyllingum og allt að 30 þús. manna byggð vestan höfuðborgarinnar ásamt

Bstj. 16. febrúar 2010

tilheyrandi jarðgangagerð, umferðarhnútum, mengun og enn meiri óráðsú og fjárhagsvanda en þenslustefna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur þegar kallað yfir þjóðina.

Tillöguflytjandi leggur áherslu á að með tillögu þessari er ekki verið að skerða sjálfsforræði íbúa í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur enda er hann talsmaður íbúalýðræðis með sterkum hverfastjórnnum þar sem fólk fær að hafa áhrif á skipulags og samgöngumál – nærumhverfi sitt og aðra hagsmuni er varða öruggt og gott mannlíf í öllum hverfum sameinaðs sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu. Með öflugum fulltrúalýðræði en verulega minnkaðri yfirbyggingu eru hagsmunir almennings tryggðir á kostnað atvinnustjórnmalamanna og spilltra stjórnmalaflokka.

Tillöguflytjandi leggur áherslu á að sem fyrrverandi borgarstjóri þekkir hann vel til margra sveitarstjórnarmanna annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og veit að þeir mundu skipa sæti í Borgarstjórn Reykjavíkur með sóma og vafalítið fá til þess meiri stuðning en ýmsir fulltrúar í núverandi borgarstjórnar meirihluta, sem hafa sýnt mikla vanhæfni í fjármálastjórn og gert sig seka um að ganga freklega erinda flokksspakerta á kostnað almannahagsmuna ekki síst í málefnum Orkuveitu Reykjavíkur.

Tillöguflytjandi flutti tillögu á síðasta kjörtímabili það er 2002-2006 um sameiningu allra sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu enda er slík sameining á stefnuskrá F-listans. Fulltrúar allra annarra flokka í borgarstjórn studdu ekki tillögunu þá. Nú eru hins vegar þær aðstæður í íslensku samfélagi að sú mikla hagræðing og mikli skipulagslegi ávinningur sem fælist í sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu verður að hafa forgang umfram atvinnuhagsmuni stjórnmalamanna og aðra flokkshagsmuni. Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefur til dæmis talað um nauðsyn stóreflds samstarfs í skipulagsmálum. Sameining allra sveitarfélaganna í áföngum þar sem fyrst yrðu myndaðar tvær sterkar norður og suður skipulags- og sveitarstjórnareiningar á höfuðborgarsvæðinu eru þó líklegri að ná fram að ganga að svo stöddu en átján ára gömul hugsun tillöguflytjanda um að allt höfuðborgarsvæðið verði eitt sveitarfélag.

Þannig lýkur þessari greinargerð með tillögu inni hér í borgarstjórn um sameiningu norðurhluta höfuðborgarsvæðisins í eitt sveitarfélag, tillaga sem var flutt þriðjudaginn 20. janúar árið 2009. Tillögunni var vísað frá með svohljóðandi frávísunartillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks:

Tillögunni er vísað frá þar sem ekki liggur fyrir vilji umræddra sveitarstjórna til að ganga til slíkrar sameiningar.

Við vitum það öll að þetta eru almanna hagsmunir ekki pólitískir hagsmunir. Ég ætla að byrja aftur lesturinn ég hnaut um þetta:

Bstj. 16. febrúar 2010

Tillögunni er vísað frá þar sem ekki liggur fyrir vilji umræddra sveitarstjórna til að ganga til slíkrar sameiningar. En slíkur vilji væri algjör forsenda þess að hefja viðræður.

Ó nei.

Minnt er á að samstarf þessara sveitarfélaga er traust og öflugt meðal annars á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Svæðisskipulagsráðs höfuðborgarsvæðisins, Strætó bs., Sorpu bs., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og víðar. Fram fór nafnakall um frávísunartillöguna frá þeim borgarfulltrúum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks; já sögðu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Jórunn Frímannsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Óskar Bergsson, Sif Sigfúsdóttir og Kjartan Magnússon. Nei sagði Ólafur F. Magnússon, en til allrar lukku sátu eftirtaldir þó hjá, tóku ekki þátt í þessari frávísun: Svandís Svavarsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Björk Vilhelmsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Dofri Hermannsson og Sigrún Elsa Smáradóttir. Í tilefni af því að þessir aðilar sátu hjá síðast vona ég að þeir greiði ekki götu hugsanlegri frávísunartillögu að þessari tillögu minni, sem varðar brýna almannahagsmuni alls höfuðborgarsvæðisins, allra íbúa það og síðast en ekki síst íbúa Álftaness sem eru varnarlausir gagnvart atvinnustjórnámálumönnum.

Þegar tillögu minni var vísað frá lagði ég fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta. Og verð ég að ljúka lestrinum á þessari bókun því að niðurlag hennar vantar í útprentuðu efni sem að ég var að úthluta hér fyrir fundinn. En ég held að kjarni bókunarinnar sé kominn fram en ég vildi þá með hliðsjón af þessari upprifjun sem hér hefur farið fram á þessu máli í Borgarstjórn Reykjavíkur:

...eins og ég tek fram hef barist rækilega fyrir í tæplega 20 ár, flutt tillögur um hér á vettvangi borgarstjórnar og mun gera áfram á næsta kjörtímabili en það er algjörlega augljóst að það er þörf fyrir fulltrúa eins og þann sem að hér talar í Borgarstjórn Reykjavíkur annars yrði ekki mikið talað um mál á borð við þetta. Ég vildi nefna það að á þeim tíma sem ég var borgarstjóri þá kynntist ég einmitt mörgum ágætis mönnum sem eru forsvarsmenn hinna sveitarfélaganna meðal annars á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Og ég get fullyrt það og ég hef sagt það áður að í röðum sjálfstæðismanna í hinum sveitarfélögum eru menn sem mundu sóma sér mjög vel í efstu sætum Sjálfstæðisflokksins hér í Reykjavík og ég hef raunar átt betra samstarf við þessa menn meðan að ég var borgarstjóri heldur en ég átti við flesta borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili að undanskildum Vilhjálmí Þ.

Bstj. 16. febrúar 2010

Vilhjálmssyni og Kjartani Magnússyni sem hafa alltaf sýnt mér í raun og veru fyllstu heillyndi í samstarfi og vilja til að láta gott af sér leiða. Ég get ekki sagt það um hina borgarfulltrúana meðan ég starfaði með þeim sem borgarstjóri, en ég tek það fram að þessi orð gilda ekki um varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Varaborgarstjórnarflokkurinn er mun betur skipaður heldur en aðalborgarfulltrúar nokkur tíma.

En forseti. Ég legg hér fram þessa tillögu og vonandi fær hún hlýlegri móttöku og málefnalegri meðferð en síðast þegar henni var vísað frá. Ég tek eins og þið gerið ykkur grein fyrir Álfanes sérstaklega útúr og tel brýnt að sameina það sveitarfélag Reykjavík sem allra fyrst, það er ekki seinna vænna þegar allt er farið á hliðina þar og það er jú langtíma markmið mikils hluta íbúa höfuðborgarsvæðisins vafalítið, ég finn það á mínum tillöguflutningi og undirtektum við hann, að það eigi að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hafa innan þess sveitarfélags sterkar lýðræðislegar hverfisstjórnir með nærtæku íbúalýðræði, en fækka þeim sveitarstjórnarmönnum sem stórauka yfirbygginguna og stunda þvífka óráðsú að það er eins og ég sagði í upphafi ræðunnar hefur verið skuldsettur hver einasti einstaklingur á Álfanesi um 2 milljónir kr.

Það þarf raunar bara fjörugt ímyndunarafl til að spyrja sig; hvernig getur þetta gerst? En ég held að það sé nærtækara að sameina þessi sveitarfélög því ekki förum við að senda hjálparsveitir til Álfaness, þó að það kæmi ekkert á óvart að það kæmi slík tillaga frá meirihlutanum hér í borgarstjórn, sem vill fyrir alla muni ekki styggja aðra sveitarstjórnarmenn. En við erum ekki að hugsa um hagsmuni sveitarstjórnarmanna við erum að hugsa um heildarhagsmuni, hagsmuni framtíðarinnar, hagsmuni barnanna okkar og getum í sameinuðu sterku sveitarfélagi hætt þessum hrepparíg og öllum þessum skipulagsmistökum, þó að þau kannski séu aðeins, þrátt fyrir það sem ég hef sagt hér af stórum orðum, lítið brotabrot af þeirri svívirðulegu meðferð og soun á orkulindinni okkar hér við höfuðborgarsvæðið sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur stunda. Það er fullkomið virðingarleysi fyrir komandi kynslóðum á Íslandi.

En ég endurtek, ég hvet ykkur til að taka málefnalega á móti þessari tillögu, ekki hugsa um þægindi í samskiptum við aðra sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu heldur hugsa um almenning á höfuðborgarsvæðinu og umfram allt að reyna að flýta því að það sameiginlega atvinnu- og skipulagssvæði

Bstj. 16. febrúar 2010

sem höfuðborgarsvæðið er flýti sér inn í framtíðina, stöðvi óráðsú, en heiðri almannahagsmuni og langtíma sjónarmið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég verð því miður að standa hér upp og gagnrýna hvernig borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon kemur með á mjög ómaklegan og ósmekklegan hátt gagnrýni á útvarpsmanninn Hjálmar Sveinsson, sem var núna frambjóðandi á lista Samfylkingarinnar til komandi sveitarstjórnarkosninga. Hann er ekki í stöðu hér til þess að svara fyrir þessa ómaklegu gagnrýni og það er ekki siðlegt að bjóða upp á það hér í sölum borgarstjórnar að gagnrýna fólk hér alvarlega sem að ekki getur borið hönd yfir höfuð sér eða svarað fyrir sig. Og miðað við yfirlýsingar Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa í sömu ræðu um væntanlegt fylgi sitt til borgarstjórnarkosninga næstkomandi vor, þá ætti honum að vera í lófa lagi að ræða þessi mál við Hjálmar Sveinsson á næsta kjörtímabili.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti. Það var ágætt að borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir skyldi koma hér og tala um siðleysi mitt og annað slíkt. Ég minni á það að hún hefur haft miklu, miklu harðari orð um mig, bæði á vettvangi fjölmiðla og í borgarráði heldur en ég nokkurn tíma um Hjálmar Sveinsson, meðal annars sagt mig haldinn fádæma mannfyrirlitningu, það var bókað af henni og Svandísi Svavarsdóttur og Óskari Bergssyni í borgarráði, þegar að ég vogaði mér að skera niður flotræfilsháttinn í mannréttindaráði þar sem að átti að koma á tugmilljóna yfirbyggingu og ofurkostnaði í þágu einhvers konar kynjafræðihugsjóna og háskólanáms á kostnað borgarbúa. Ég segi, ég hef mjög ríka ástæðu til að gagnrýna Hjálmar Sveinsson hér og marga aðra fjölmiðlamenn. Þeir greina yfirleitt aldrei frá því sem að ég er að gera, hlaupa upp til handa og fóta til að rífa niður það sem ég segi.

Ég hef fengið mjög neikvæða umfjöllun hjá fjölmiðlamönnum og mér finnst það ekki í lagi, borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir, að ég hafði margoft samband við fjölmiðlamanninn Hjálmar Sveinsson og sagði honum að hann hlyti að vilja ræða mál sem hann segist bera fyrir brjósti og er að fjall um í útvarpi við þann, sem hefur umfram alla aðra kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu barist fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Þetta er ekki verjandi að menn skuli á vettvangi fjölmiðla þar sem að þeir eiga að sýna fagmennsku, lýðræði og heiðarleika að fela kerfisbundið það sem gæti reynst þeim óþægur ljár í þúfu. Það var gert hér og ég gagnrýni þetta harðlega og ég skal svara andsvari þínu aftur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir ef þú kærir þig um. En þegar þú sakar mig um hörð orð í garð annarra ættir þú að líta sjálfri þér nær, hvernig þú hefur fjallað um mig bæði í fjölmiðlum og í borgarráði.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Og þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að líkja því saman hvernig við tölum hér saman kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum borgarinnar þar sem að við erum til svara um það sem að sagt er og ritað er í bókunum og getum bókað. Og svo vissulega þekkir Ólafur F. Magnússon það mæta vel og kannski manna best hvað er viðeigandi að bóka og hvað hann hefur bókað. En hér á fundi borgarstjórnar á opnum fundum þá getum við ekki verið að ræða um aðra nema þá sem að geta svarað fyrir sig, og það er það sem að ég er að gagnrýna og mér finnst vera mjög ósmekklegt og ómaklegt gagnvart fjölmiðlamanninum Hjálmari Sveinssyni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég met mikið þá hlýju, mannúð og væntumþykju sem fram kemur í máli borgarfulltrúa Bjarkar Vilhelmsdóttur, en ég segi að það sé ósköp eðlilegt að stjórnámálameðlimirnir hér í borgarstjórn komi og verji sína vini og meðframbjóðendur með þessum hætti. En ég endurtek það, að það er af mjög gefnu tilefni sem ég gagnrýni fjölmiðlamanninn Hjálmar Sveinsson fyrir það að þegja markvisst og kerfisbundið um mál sem ég hef barist fyrir og borið fyrir brjósti. Það er ekki eðlileg fjölmiðlun að hann segi ekki frá því sem aðrir eru að gera frekar en hin einmana snót sem sat uppi á lofti daga langa, þögnul lét þrjóna ganga og sagði engum frá.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 16. febrúar 2010

## **1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að það sé alveg ljóst að þetta er mál sem verður í umræðunni einhvern tíma í viðbót og ég kannast nú ekki alveg við það að borgarfulltrúinn sem að flutti tillöguna sé sá eini sem hafi rætt um þessi málefni. Ég held nú að mjög margir hafi rætt um það og heyrt það víða nefnt á ýmsum fundum er varða málefni sveitarfélaganna og kannski ekki síst á fundum með fulltrúum frá samgönguráðuneyti og sveitarstjórnarráðuneyti í langan tíma, þar sem menn hafa verið að ræða mögulegar sameiningar. Það hefur auðvitað verið rætt á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga í mörg, mörg ár þannig að ég kannast nú ekki alveg við það að borgarfulltrúinn sé eini maðurinn sem hefur rætt um það. En það er örugglega rétt hjá borgarfulltrúanum hins vegar að hann er sá sem hefur flutt um það tillögur hér á þessum vettvangi, en það er nú víðar annars staðar rætt heldur en bara í Borgarstjórn Reykjavíkur, bara til þess að hafa sagt það.

Það er alveg ljóst og ég ætla ekki að gera það sem að borgarfulltrúinn gerði hér áðan að fella þessa grimmu palladóma sem hann gerði um bæjarstjórn Álftaness. Við skulum vona að þeir séu ekki að hlusta, þeir aðilar sem eiga að taka það til sín. En það er alveg ljóst, að það hefur eitthvað gerst í þessu sveitarfélagi sem að er verið að skoða og er auðvitað verst fyrir íbúana sem þar búa. Og borgarfulltrúinn sagði; að við ættum að taka málefnalega á tillögunni og ekki fjalla um hana út frá hagsmunum bæjarstjórnarinnar, nei einmitt, við eigum að tala um hana út frá hagsmunum íbúana. Og þess vegna er það ekki Borgarstjórn Reykjavíkur sem eru líka kjörnir sveitarstjórnarmenn alveg eins og þeir sem búa á Álftanesi sem eiga að taka ákvörðun fyrir þessa bæjarbúa. Þeir eiga að gera það sjálfir. Þannig að ég veit ekki alveg hvað er betra við það að við hér 15, borgarfulltrúinn greinilega treystir okkur til að segja íbúunum hvað þeim er fyrir bestu, en ekki aðilunum sem búa út á Álftanesi, en samt áttum við að taka þetta frá hagsmunum sveitarstjórnarmanna yfir til íbúa. Þá skulum við líka taka það alla leið og gefa íbúum á Álftanesi tækifæri sjálfum til þess að móta sér skoðun í því hvað sé best fyrri sveitarfélagið, en ekki að það gerist á þessum vettvangi.

Bstj. 16. febrúar 2010

En það er auðvitað alveg ljóst og hefur verið rætt víða og menn þekkja að fjárhagsstaða sveitarfélagsins Álftaness er mjög alvarleg og sameining sveitarfélagsins mundi að öðru óbreyttu, það er að segja ef enginn tekur þær skuldir einhvern veginn af sveitarfélaginu eða af því sveitarfélagi sem gæti sameinast viðkomandi sveitarfélagi, þá mundi það hafa íþyngjandi áhrif á fjárhag hvort heldur það er Reykjavíkurborg eða Garðabær eða Hafnarfjörður eða hvaða sveitarfélag sem um væri að ræða. Skuldir og skuldbindingar Álftaness eru í árslok 2009 ekki undir 7,2 milljörðum, 7,2 milljörðum kr. í sveitarfélagi sem veltir rúmum milljarði. En tekjur sveitarfélagsins nálgast 1,3 milljarða. Þannig að þegar að menn eru hér að tala fyrir hagsmunum íbúa þá skulum við líka tala fyrir hagsmunum okkar íbúa. Hér búa í Reykjavík íbúar sem við erum málsvarar fyrir og ég get ekki séð hvernig borgarfulltrúinn geti sagt að hann sé að tala fyrir hönd íbúa Reykjavíkur, þegar að hann er bara reiðubúinn „vær så god“ að taka það yfir, 7,2 milljarða í skuld, hann verður að útskýra það fyrir íbúum Reykjavíkur sem hann á jú að vera að vinna fyrir. Þannig að það er bara að mínu mati og ég held að það sé að flestra mati, allavega allra sem að þessu máli hafa komið, væri það ábyrgðahluti fyrir Reykjavíkurborg að segja já við viljum taka þetta yfir án þess að það væri búið að semja einhvern veginn um þá skuldbindingu sem að hvílir á sveitarfélaginu.

Þannig að skuldir og skuldbindingar Álftaness eru þannig 5,5 faldar tekjur þess sveitarfélags. Til samanburðar eru langtíma skuldir A-hluta borgarsjóðs um fjórðungur af tekjum A-hluta á árinu 2009. Þannig að menn sjá í hvaða samhengi þetta er og í hvaða umhverfi við erum. Þannig að það er alveg ljóst að ef til slíkrar sameiningar yrði gengið þá mundi Reykjavíkurborg verða fyrir miklum viðbótarkostnaði við að halda uppi sambærilegri grunnþjónustu og almenningsamgöngum og fleira á Álftanesi til jafns við það sem er í Reykjavík, en engir útreikningar liggja fyrir um það. Það er líka erfitt að halda því til streitu að hafa til lengdar sérstakt útsvar eins og sumir hafa talað um og sérstök fasteignagiöld á Álftanesi, eins og það væri hverfi í Reykjavík. Þannig að þetta er stórt mál sem að þarf í mínum huga að reikna út til enda og menn þurfa að vita nákvæmlega hvar stendur áður en menn geta, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, því tillagan tekur alveg afdráttarlaust ákvörðun um það að við eigum að hefja viðræður við sveitarfélagið Álftanes um sameiningu. Við eigum bara að boða þau

Bstj. 16. febrúar 2010

til viðræðna hér við okkur um sameiningu og meðan ekki liggur fyrir niðurstaða hvorki af hálfu ríkisins né af hálfu fjárhaldsstjórnar eða annarra sem að verkefninu koma um hvernig fara ber með skuldir, þá er það ekki tímabært. Auk þess sem það er ekki tímabært finnst mér fyrir en vilji íbúa á Álftanesi liggur skýrar fyrir.

Og ég segi við borgarfulltrúann alveg eins og hann sagði hér inn í salinn áðan, hann sagði; takið mið af hagsmunum íbúanna en ekki af hagsmunum bæjarstjórnarinnar. Já við skulum taka mið af hagsmunum íbúa, en líka íbúa Reykjavíkur. Við getum ekki yfirtekið skuldir upp á þessar upphæðir nema að það sé gert líka út frá hagsmunum íbúa Reykjavíkur, það þarf að liggja alveg skýrt fyrir. Og það þarf líka að liggja alveg skýrt fyrir hvernig framtíðinni verður skipað á þessu svæði og líka hvað íbúar á Álftanesi vilja gera. Og það er undarlegt að segja í öðru orðinu að bæjarstjórn Álftaness sé ekki treystandi og við eigum að treysta íbúum, en telja síðan að við eigum að taka ákvörðun um þetta hér, eins og við séum eitthvað yfir þá íbúa hafin. Þannig að við leggjum til svohljóðandi frávísunartillögu:

Málefni sveitarfélagsins Álftness eru nú til meðferðar hjá ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála og því hefur verið skipað sérstök fjárhaldsstjórn. Auk þess er óljóst hvernig leyst verður úr erfiðri skuldastöðu þess. Ákvörðun um hvort rétt sé að sameina sveitarfélagið öðrum sveitarfélögum liggur því annars staðar en hjá Borgarstjórn Reykjavíkur núna og er því tillögunni vísað frá.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og flutt frávísunartillögu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

Bstj. 16. febrúar 2010

## 1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Sú tillaga sem hér var flutt um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness er allrar athygli verð. Slík sameining gæti haft í för með sér, eins og kemur fram í tillögunni, kosti fyrir bæði sveitarfélög og þarna væri hægt að samræma stefnu þessara sveitarfélaga í ýmsum málum eins og í landnotkun, skipulagsmálum og samgöngumálum. En ég vil þó taka undir það með borgarstjóra að það er ekki sama hvernig er staðið að slíkum hlutum. Eins og við höfum orðið vör við þá eru Álftnesingar nú að ganga í gegnum erfiða hluti þar sem þeir eru að gera upp hvernig hefur verið staðið að stjórnun sveitarfélagsins á undanförunum árum. Og ég held að það sé rétt, eins og borgarstjóri bendir á, að á meðan að slík vinna stendur yfir og verið er að greiða úr þessum málum, þá förum við okkur hægt í slíkum pælingum.

Það er að sjálfsögðu hægt að hugsa um hvernig þetta gæti verið en það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að skuldir þessa sveitarfélags eru mjög háar og það er auðvitað fyrsta málið á dagskrá sem er að leysa ef til slíkra viðræðna kæmi. Ég sé fyrir mér að þessi vinna þurfi að ganga aðeins lengra fram sem Álftnesingar eru að vinna núna, ásamt hjálp frá stjórnvöldum, að koma sínum skuldamálum fyrir, ræða hvernig er hægt að lækka þessar skuldir eða gera áætlun um uppgreiðslu þeirra og ég held að þessi vinna þurfi að vinnast aðeins betur áður en hún kemst á það stig, að það sé farið að ræða um sameiningu og þá við hverja. Það er ljóst að yrðu þá viðræður við fleiri sveitarfélög er Reykvíkinga ef til þess kæmi það er mjög líklegt og ef að það verður niðurstaða Álftnesinga þegar að þar að kemur að vilja fara í sameiningu við önnur sveitarfélög til dæmis Reykjavík, þá held ég að það gæti orðið mjög spennandi tækifæri. En eins og borgarstjóri bendir á þá er ekki kannski tímabært á þessu stigi að samþykkja tillöguna núna.

Nú að því slepptu er alveg rétt sem tillöguflýtyjandi bendir á þarna eru ýmsir sameiginlegir hagsmunir og gætu verið sóknarfæri í ýmsum málum og það er alveg augljóst að þarna gæti verið sóknarfæri í landnotkun og skipulagsmálum og einnig í samgöngumálum, þar sem það mætti ræða með slíkum samningahugmyndum lagningu Skerjabrautar, það er að segja Skerjabrautarbrú

Bstj. 16. febrúar 2010

sem mundi liggja yfir Skerjabraut sem framhald af Suðurgötunni í Reykjavík og tengjast Álftanesi eða Bessastaðanesi og liggja þar yfir á grynningum og tengjast síðan Reykjanesbraut. Það er alveg ljóst að það eru tækifæri í slíku og slíkar hugmyndir, ef að þær yrðu að veruleika, gætu orðið til þess að færa okkur þetta samgöngumannvirki sem hefur verið langþráð í margra augum. Þannig að það eru mörg sóknarfæri í þessu eins og tillöguflytjandi bendir á og sjálfsagt að þakka honum fyrir það. En það er líka best að sjá hverju framvindur hjá Álftanesi sjálfu og sjá hver raunverulegur vilji þess sveitarfélags og þeirra íbúa sem þar eru, hvort að þeirra vilji stendur til sameiningar og þá að sjálfsögð býst maður við því að við værum tilbúin að ræða það hér í borgarstjórn með opnum og fordómalausum hætti.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 16. febrúar 2010

## **1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú byrja á því að þakka framsögumanni fyrir að taka þetta mál hér á dagskrá, þó ég geti út af fyrir sig tekið undir það að einstaka niðurstöður í þessu, þ.e.a.s. að borgarstjórn segi fyrir um það hvernig sú umræða sem nú er í gangi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu lykti sé kannski ótímabær. Kannski hefði verið nær að borgarstjórn mundi lýsa vilja til þess að hefja umræður um nánari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að þeirri umræðu getur auðvitað lyktað á ýmsa vegu, þannig að farsælt sé.

En eitt er víst að það verður að horfast í augu við það að samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er í kreppu, ég hef sagt það hér margoft áður í þessum ræðustól og það birtist í býsna mörgum myndum. Ein er sú að stjórnámálmennt í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga fóru á loforðafyllerí hvað varðar lóðaúthlutanir, og offjórðfestingin á höfuðborgarsvæðinu sem liggur í ónýttum innviðum og íbúðum, sem enginn hefur keypt eða flutt inn í er núna á annað hundrað milljarðar. Þetta er meðal þeirra staðreynda sem þarf að horfast í augu við og svarið liggur ekki í því sem stundum hefur verið kallað heilbrigð samkeppni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, heldur að reyna að ná yfirsýn og stjórn á þróun alls höfuðborgarsvæðisins í gegnum svæðisskipulag sem gjarnan má ná yfir stærra svæði og sterkari formlega stöðu, bæði nefndarinnar sem að því vinnur og svæðisskipulagsins sjálfs. Jafnframt þá þarf að horfast í augu við það að almenningssamgöngur, sem eru auðvitað eitt lykiltæki til þess að ná fram góðu borgarumhverfi, eru í hálfgerðri úlfakreppu inn í byggðasamlagi þar sem að sumir eigendur byggðasamlagsins virðast líta á hlutverk þess sem einhvers konar lágmarks samnefnara, en ekki lykiltæki til að knýja fram stefnu í almenningssamgöngum.

Svipaða sögu má hugsanlega segja af að minnsta kosti Sorpu eða það er að segja endurvinnslu í borginni, þar sem að færa má gild rök fyrir því að höfuðborgarsvæðið hafi dregist aftur úr öðrum borgarsvæðum í Evrópu á undanförunum árum hvað það varðar. Á sviði félagslegs húsnæðis dregur höfuðborgin og Hafnarfjörður nánast ein vagninn, Kópavogur býr ennþá að forni

Bstj. 16. febrúar 2010

frægð, en sum sveitarfélög sinna þessum þætti eiginlega ekki neitt og þannig mætti áfram telja. Það er í stuttu máli gríðarlega margt sem talar fyrir nánara samstarfi sveitarfélaga og eitt form nánara samstarfs er auðvitað sameining og á þessu þarf að taka það er gríðarlega brýnt. Þessi byggðasamlög líða mjög mikið fyrir núverandi stöðu og þessum vandamálum hefur satt best að segja mjög mörgum bara verið ýtt á undan í staðinn fyrir að taka á þeim af einhverri festu. Og þess vegna ítreka ég það, til þess að draga saman, að ég þakka frummælanda fyrir að brydda upp á þessu umræðuefni. Hugsanlega hefði farsælli upphafspunktur í umræðunni verið sá að Reykjavíkurborg fyrir sitt leyti lýsi sig tilbúna til viðræðu um nánara samstarf og eða sameiningu við einhver sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, það er verkefnið. Ekki bara vegna þessa hörmulega tilefnis Álftaness, heldur ekki síður vegna þeirra verkefna sem ég var að reifa hér áðan og nefndi þó bara nokkur þau stærstu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

## 1. mál **Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það liggur nú ekki alveg ennþá fyrir í mínum huga hvað aðrir borgarfulltrúar minnihlutans hér ætla að gera í þessu máli. Meirihlutinn hefur lýst því yfir að hann ætli að vísa þessu máli frá og ég mun að sjálfsgöðu biðja um nafnakall og óska eindregið eftir nafnakalli við þá atkvæðagreiðslu, eins og ég gerði þegar að ég flutti tillögu hér síðast um þessi mál. Það er mjög gott að það liggi fyrir af því þetta mál verður í hávegum haft á næsta kjörtímabili og þá er eins gott að það sé rækilega skjalfest hvar menn standa fyrir kosningar og enn þýðingarmeira að það sé hægt að sjá að menn hafi ekki breytt um skoðun við það eitt að kosningar hafi farið fram, og þá geti verið aðrir hagsmunavindar sem blási í umræðunni.

En því er náttúrulega auðsvarað að það eru afar fánýt rök hjá borgarstjóra og hlaupa hér upp til handa og fóta, og segja að við séum að taka á okkur nokkurra milljarða króna skuldbindingu sveitarfélagsins Álftaness. Ég man ekki betur en að borgarstjóri og hennar fylgismenn hér í borgarstjórn hafi hvað eftir annað talað um það að eina ástæðan fyrir því að þeim finnst svo æðislega sniðugt að senda flugvöllinn út í hafsauga eða til Keflavíkur sé sú, að þá sé heilmikið ónumið land fyrir lóðir, og talsmenn samtakanna Betri byggð hafa talað um að það væri andvirði tuga milljarða króna. Og þá spyr ég; er það ekki gríðarlegur auður fólgin í því fyrir Reykvíkinga fyrst menn vilja tala um þetta á þessu plani að þetta séu átök milli sveitarfélaganna en ekki almannahagsmunir. Er það ekki gríðarlegur fengur fyrir okkur Reykvíkinga að fá lóðir, skipulagsforræði og land sem er miklu stærra heldur en það land sem allir borgarfulltrúar, nema sá sem hér talar, vilja nema í Vatnsmýrinni flytja flugvöllinn burt og reisa þar í staðinn meðal annars risastóra tjörn og hús, sem líklega fælu það í sér að þar stæðu auðir húsgrunnar næstu áratugina.

Sem betur fer vorum við ekki komin svona langt, hvorki á Laugaveginum eða Vatnsmýrinni að fjárfestingafyllerið og verktakadekrið væri búið að eyðileggja meira borgina okkar en það hefur þegar gert. Sá sem hér talar hefur lagt sig allan fram um að forða tugum húsa, gamalla húsa, meira en helmingi elstu húsanna á Laugavegi undan verktakadekri R-listans á sínum tíma. Það er fyrst og fremst R-

Bstj. 16. febrúar 2010

listinn sem hefur framið hrikalegustu skipulagsmistökin í þessari borg á undanföllum árum eða frá því að hann komst til valda 1994.

Enda held ég að hann hafi hlýtt verktökum á snærum Framsóknarflokksins í flestu ef ekki öllu þegar upp var staðið. Menn létu kúga sig. Það gerir sá sem hér talar ekki og mun ekki láta gera, þó það sé ekki til vinsælda fallið á þessum vettvangi. Enda endurtek ég það, að ég geri mér fulla grein fyrir því hér á vettvangi borgarstjórnar að ég nýt ekki mjög mikilla vinsælda meðal annarra kjörinna fulltrúa, sem meðal annars skipulögðu einstaklega ósmekkleig skrifslæti hér, þegar að ég tók við borgarstjóraembættinu og gat ekki einu sinn flutt ræðu mína við innsetninguna. Það þurfti fyrst að fara fram einhver sýning hér fyrir fjölmiðla. Þannig að ég kannski skulda ykkur borgarfulltrúum ekkert voðalega mikið í þessum efnum. Ég skulda hins vegar sannfæringu minni og þeim sem kusu mig þeim mun meira og til þess er ég hér staddur að berjast fyrir hugsjónum mínum og almannahagsmunum, en ég hef enga sérstaka ástæðu til að sleikja mig upp við aðra sveitarstjórnarmenn í ljósi reynslunnar á þessu kjörtímabili.

En ég ítreka það, að það er að mínu mati allt að því lélegur útúrsnúningur að segja að við erum þá að yfirtaka einhverjar milljarða skuldir á Álftanesinu, þær eru nú ekki svo rosalega miklar ef þær dreifast yfir 120 þús. íbúa Reykjavíkur. Þær eru miklu minni en TRH-fyllerið, tónlistar- og ráðstefnuhúsið hérna við höfnina, kostar það ekki 24 milljarða? Ég vildi einn borgarfulltrúa stöðva það þegar að við áttuðum okkur á því að það væri ekki innstæða fyrir því fylleri, af því að Björgólfarnir og Landsbankinn þegar að þeir komu frá Rússlandi sögðust eiga 40 milljarða en reyndust ekki eiga neitt, nema að vera með lygamerki á bak við búkinn á sér og fá síðan Sjálfstæðisflokkinn til að rétta sér án nokkurrar útborgunar sjálfan þjóðarbankann að gjöf, og ættu nú ýmsir borgarfulltrúar að þekkja það vel. Ekki kom neinn maður nær því máli hvað varðar hagsmunatengsl heldur en Kjartan Gunnarsson, bóndi í Valhöll, og þekkja sumir hann hér mjög vel.

En ég endurtek að það er útúrsnúningur að segja að það sé of dýrt fyrir „Reykvíkinga“ að yfirtaka þessar skuldir. Það er málefni framtíðarinnar að sveitarstjórnarmenn út um allt höfuðborgarsvæðið, þar með taldir 15 borgarfulltrúar í Reykjavík, geti ekki verið að sukka og sóa með fjármuni

Bstj. 16. febrúar 2010

almenningi í eigin ævintýramennsku í pólitík. Það er það sem að hefur gerst þarna algjörlega fyrirhyggjulaus og óvönduð meðferð almannaþjálfa, fullkomið virðingarleysi fyrir fjármunum annarra en sjálfs síns. En þar virðist hins vegar græðgin vera þeim mun meiri hjá ýmsum kjörnum fulltrúum víða á höfuðborgarsvæðinu, að við eru að sjá hvað eftir annað dæmi um það, að jafnvel ólíklegustu menn hafa verið afar duglegir við að skara eld að eigin köku. Og ég hlakka til að sjá hversu mikið það er ef allir sveitarstjórnarmenn gera eins og ég hef gert hér í borgarstjórn að leggja fram eignastöðu sína og persónuleg fjármál. Auðvitað verður svo að vera ef menn eiga að vera trúverðugir þegar að þeir gefa kost á sér til starfa fyrir almenning.

Við eigum ekki að starfa fyrir verktaka, við eigum ekki að starfa fyrir styrktaraðila, við eigum að starfa fyrir almenning og við eigum að vinna fyrir hugsjónir okkar. Og þessi starfsemi sem ég er að lýsa hér, að við séum að starfa að almannahagsmunum, að málefnum framtíðarinnar fyrir börnin okkar verður öflugri eftir því sem sveitarstjórnnum fækkar og við sameinumst. Við þurfum ekkert á því að halda að hafa tugi sveitarstjórnarmanna með tilheyrandi uppbyggingu á launum hér á höfuðborgarsvæðinu. Og hugsíð ykkur allar íbúðirnar sem standa auðar og öll samgöngumannvirkin sem eru vitlaust skipulögð út af þessari vitleysu. Þannig að ég blæs á rök borgarstjóra að þetta sé svo dýrt fyrir okkur. Það er dýrt að halda þessu rugli áfram sem sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu er, við höfum ekki efni á við.

Þannig að ég bið um nafnakall við þessa atkvæðagreiðslu og ef þessu máli verður vísað frá þá mun ég leggja fram bókun.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúinn hefur óskað eftir því að fram fari nafnakall um þá tillögu sem að hér liggur fyrir. Ég ætla að lesa upp tillöguna eins og hún er í sinni endanlegu mynd:

Málefni sveitarfélagsins Álftaness ...

Tillöguna sem lagt er til að verði frávísað, þannig að menn átti sig á því hvernig hún er orðuð nákvæmlega:

Bstj. 16. febrúar 2010

Málefni sveitarfélagsins Álftaness er nú til meðferðar hjá ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála og því hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn, auk þess er óljóst hvernig leyst verður úr erfiðri fjárhagsstöðu þess. Ákvörðun um hvort rétt sé að sameina sveitarfélagið öðrum sveitarfélögum liggur annars staðar en hjá Borgarstjórn Reykjavíkur á þessum tímapunkti og er því tillögunni vísað frá.

Forseti hefur ákveðið að verða við ósk borgarfulltrúans um að fram fari nafnakall um þessa tillögu og kemur upp talan 13. Það er forseti sem er númer 13, en hann á samkvæmt fundarsköpum að greiða atkvæði síðastur, þannig að það kemur í hlut Sifjar Sigfúsdóttur að greiða atkvæði fyrst. Þá Sif Sigfúsdóttir, segir já. Hermann Valsson, segir nei. Björk Vilhelmsdóttir, situr hjá. Dagur B. Eggertsson, situr hjá. Gísli Marteinn Baldursson, segir já. Hanna Birna Kristjánsdóttir, segir já. Jórunn Frímansdóttir, segir já. Júlíus Vífill Ingvarsson, segir já. Kjartan Magnússon, segir já. Oddný Sturludóttir, situr hjá. Ólafur F. Magnússon, segir nei. Óskar Bergsson, segir já. Sigrún Elsa Smáradóttir, situr hjá. Sóley Tómasdóttir, situr hjá. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, segir já. Átta borgarfulltrúar segja já, tveir segja nei og fimm sitja hjá. Atkvæðagreiðslu lokið. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að flytja bókun og tekur nú til máls.

Bstj. 16. febrúar 2010

**1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um viðræður um sameiningu Reykjavíkurborgar og sveitarfélagsins Álftaness**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti ég á eftir að hreinrita bókunina en ég skal lesa hana og afhendi hana síðan í skiljanlegri formi. Ég legg fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Með því að vísa frá þýðingarmikilli tillögu minni um sameiningu sveitarfélaganna Álftaness og Reykjavíkur sýna kjörnir fulltrúar Reykvíkinga mikla skammsýni og láta almannahagsmuni lönd og leið. Sérstaklega vil ég þó þakka Hermanni Valssyni borgarfulltrúa fyrir hans drengilegu og einörðu afstöðu í þessu máli.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur sett fram bókun og borgarfulltrúar B og D lista áskilja sér rétt til þess að bóka í þessu máli. Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er; tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um ódýrari frístundir og jöfn tækifæri til íþróttar, listnáms og frístunda barna og unglunga. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.